

Mál nr. 290/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Gatnamót.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. september 2022.
2. Bréf V2, dags. 28. september 2022.
3. Bréf V1, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 við gatnamót Strandvegur og Gufunesvegur þann 14. ágúst 2022. Lögregla kom á vettvang og samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu voru atvik með þeim hætti að ökumaður bifreiðarinnar A ók norður Strandveg með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn Gufunesveg og lenti í árekstri við bifreiðina B sem var ekið suður Strandveg. Kveðst ökumaður A ekki hafa séð bifreiðina B sem ók á eftir bifreið sem kom úr gagnstæðri átt og var beygt til vinstri inn Rimaflöt. Ökumaður B kveðst hafa verið að aka suður Strandveg beint yfir gatnamótin hjá Gufunesi er bifreiðinni A var ekið í veg fyrir sig.

M sem var ökumaður bifreiðarinnar A óskar eftir álitni nefndarinnar á sök og sakarskiptingu vegna tjónsins. M telur að ökumaður B hafi með aksturslagi sínu brotið gegn ákvæðum 19., 23., 24., 25. og 36. gr. laga nr. 77/2019. Árekstur hafi orðið eftir að hann beygði til vinstri vestur Gufunesveg og að bifreiðin B hafi ekið suður Strandveg, hægra megin fram úr bifreið sem var í vinstri beygju austur Rimaflöt. Bifreiðin B hafi ekið á hægra afturhorn bifreiðarinnar A, eftir að bifreiðin A var komin inn á Gufunesveg. Ljóst sé að ökumaður B þurfti að sveigja bifreið sinni töluvert til hægri og út fyrir brún akreinar sinnar til að komast fram hjá bifreið þeirri sem var fyrir framan hann og hugðist taka vinstri beygju á gatnamótunum með þeim afleiðingum að bifreiðin B hafnaði á hægra afturhorni bifreiðarinnar A.

V1 skilar ekki athugasemdum í málinu. V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðarinnar A sem tók vinstri beygju í veg fyrir umferð sem á móti kom með vísan til 7. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2019.

Álit.

Óumdeilt er að báðir ökumenn óku yfir gatnamótin gegn grænu ljósi. Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og af myndum í lögregluskýrslu verður ekki ráðið um nákvæma staðsetningu ökutækja við áreksturinn. Liggja því ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á að ökumaður bifreiðarinnar B hafi ekið bifreiðinni inn á Gufunesveg eða hafi á nokkurn hátt brotið gegn ákvæðum umferðarlaga. Fyrir því ber M sönnunarbyrði og hefur sú sönnun ekki tekist. Verður því að leggja til grundvallar að orsök áreksturs sé sú að M ók bifreið sinni í veg fyrir umferð og þannig brotið gegn 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í þeirri grein segir að þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Verður því öll sök felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir